

Iðnráð Reykjavíkur
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/16
komudagur 2.11.2001

Reykjavík, 31. október 2001.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Framkvæmdastjórn Iðnráðs Reykjavíkur hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á iðnaðarlögum nr. 42 1978 og þakkar að fá tækifæri til þess. Það er samhljóma álit stjórnarinnar að frumvarp þetta sé mjög til bóta, enda hafa samskiptakostir tekið slíkum breytingum á undanförunum árum að óþarfi er að hafa iðnráð í hverjum kaupstað, og reyndar illframkvæmanlegt. Því tekur stjórnin þessu frumvarpi fagnandi og væntir þess að það fái afgreiðslu á Alþingi hið fyrsta.

Þó kemst stjórnin ekki hjá að hnjóta um lokaorðin í fylgiskjali fjárlagaskrifstofu með frumvarpinu, en þar segir að ekki verði séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð að samþykkja frumvarpið óbreytt. Nú stendur fyrir dyrum aðalfundur Iðnráðs Reykjavíkur þar sem kjósa þarf nýja framkvæmdastjórn. Erfitt mun verða að skýra fyrir væntanlegum iðnráðsfulltrúum sem kosnir verða í framkvæmdastjórnina að ekki aðeins fái stjórnarmenn engar greiðslur fyrir fundarsetu og aðra vinnu, heldur hafi Iðnráð Reykjavíkur engan samastað, engan síma, engar geymslur fyrir eldri gögn, en húsráðendur að Suðurlandsbraut 30 hafa vinsamlega fallist á að halda saman pósti til Iðnráðsins, svo unnt sé þó að auglýsa pósthfang. Þetta er ástand sem erfitt er að sætta sig við að haldi áfram óbreytt, eins og virðist mega lesa úr fylgiskjali fjárlagaskrifstofu.

Virðingarfyllst,

f.h. Iðnráðs Reykjavíkur

Samrit sent til
Jóns Ögm. Þormóðssonar
iðnaðarráðuneyti


Lúther Jónsson, ritari